

**255. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 12. febrúar 2025 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarna.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2406253 - Frístundaheimili Akraneskaupstaðar - framtíðarsýn**

Skóla- og frístundaráð fær upplýsingar og innsýn frá Arnbjörgu Stefánsdóttur skólastjóra Brekkubæjarskóla og Sigurði Arnari Sigurðssyni skólastjóra Grundaskóla í tengslum við vinnu ráðsins um framtíðarsýn frístundaheimila Akraneskaupstaðar.

Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála situr fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góðar og gagnlegar umræður.*

Arnbjörg og Sigurður Arnar víkja af fundi.

**2. 2501292 - Áfengissala á íþróttaviðburðum - áskornu á sveitarfélög**

Ályktun frá haustfundi Félags íþróttá, æskulýðs- og tómstundafulltrúa (FÍÆT) á Íslandi vegna sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Félagið telur að sala á áfengi á íþróttaviðburðum gangi þvert gegn tilgangi íþróttá og sendi röng skilaboð til barna og ungmenna um tilgang íþróttastarfsemi.

Brúin, forvarnarhópur tekur undir ályktun FÍÆT að öllu leyti og bendir á yfirlýsta stefnu Íþróttabandalags Akraness um að öll neysla vímuefna á íþróttáferðalögum og á öðrum opinberum vettvangi tengt íþróttastarfi ÍA er bönnuð.

*Skóla- og frístundaráð deilir áhyggjum FÍÆT af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförmum árum með sölu og neyslu áfengis á íþróttaviðburðum.*

*Ráðið felur sviðsstjóra að afla upplýsinga um áfengissölu hjá aðildarfélögum ÍA á íþróttaviðburðum sem börn og ungmenni sækja á þeirra vegum.*

**3. 2501339 - Verkfallsaðgerðir kennara og stjórnenda 2025**

Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna verkfalls félagsmanna innan Kennarasambands Íslands lagðar fram til kynningar.

*Lagt fram.*

**4. 2501352 - Ályktun um stöðu fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli kennarasambands Íslands**

Ályktun Umhyggju félags lagnveikra barna, Landssamtaka Þroskahjálpar, Einhverfusamtakanna, Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar og ÖBÍ réttindasamtaka um stöðu fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli Kennarasambands Íslands.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. 2501290 - Starfsáætlun viðburða 2025 (Sameining Vetrardaga og Vökudaga)**

Menningar- og safnanefnd leggur fram dagsetningar og fjárhagsáætlun fyrir viðburði ársins 2025. Jafnframt er lögð fram ákvörðun um sameiningu menningarhátíðanna Vetrardaga og Vökudaga til að tryggja hagkvæmari nýtingu fjármagns.

*Skóla- og frístundaráð fagnar tillögu Menningar- og safnanefndar um hagkvæmari nýtingu fjármagns til menningarhátíðanna Vetrar- og Vökudaga, með því að sameina fjármagnið í Vökudaga að hausti 2025.*

**6. 2502023 - Tölur um innflytjendur á leikskólum 2016-2023**

Kynning á gögnum frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrú leikskólastjóra situr fundinn undir liðum 6 og 7.

*Lagt fram til kynningar. Um eru að ræða upplýsingar um innflytjendur í hópí starfsmanna í samhengi við hlutfall innflytjendabarna á leikskólum eftir 8 landshlutum og stærstu sveitarfélögum skv. sveitarfélagaskýrslu 1. janúar 2023. Síndar eru punktstöður fyrir árin 2016, 2019 og 2023. Fram kemur í gögnunum að bæði hlutfall leikskólabarna sem eru innflytjendur og hlutfall stöðugilda mönnum af innflytjendum í leikskólum á Akranesi eru undir meðaltali á landsvísu öll árin. Önnur aðgerðaráætlun menntastefnu til ársins 2030 gerir ráð fyrir að sett verði viðmið um íslenskuhæfni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun og hefur ekki íslensku að móðurmáli. Viðmiðin verði á hæfniprepi B skv. Samevrópska tungumálarammanum. Samhliða verði framboð á námskeiðum í íslensku fyrir þennan hóp aukið.*

**7. 2412026 - Stytting vinnuvikunnar í leikskólum Akraneskaupstaðar**

Sviðsstjóri leggur fram nánari útfærslu á sviðsmyndum til að mæta styttingu vinnuvikunnar í leikskólum Akraneskaupstaðar.

*Skóla- og frístundaráð hefur unnið að því, í samráði við leikskólastjóra, að finna leiðir til að mæta styttingu vinnuviku starfsfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar án þess að til þjónustuskerðingar komi. Ráðið leggur til að sviðsmynd 2 verði innleidd í skrefum. Hún tekur m.a. á nýrri útfærslu á gjaldskrá leikskólanna ásamt breytingum á fyrirkomulagi skráningardaga. Skóla- og frístundaráð leggur til að gjaldskrárbreyting taki gildi 1. apríl n.k. og útfærsla á fyrirkomulagi skráningardaga verði kynnt í vor. Málinu er vísar til afgreiðslu hjá bæjarráði.*

Anney vísar af fundi.

**8. 2502021 - Námskeið fyrir starfsfólk skólamötuneyta um meðhöndlun matvæla**

Starfsfólk mötuneyta og eldhúsa á skóla- og frístundasviði Akraneskaupstaðar mun sækja námskeið um örugga meðhöndlun matvæla á vegum Matís í febrúarmánuði.

*Skóla- og frístundaráð fagnar því að starfsfólk fái viðeigandi endurmenntun og fræðslu.*

**9. 2401006 - Fundargerðir 2024 - menningar- og safnanefnd**

*Fundargerð lög fram.*

**10. 2501006 - Fundargerðir 2025 - menningar- og safnanefnd**

*Fundargerð lögð fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.**